

**Sp. 219. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]**

um fullgildinguna á alþjóðasamþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

(Lögð fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, sem gerð var á 42. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf 25. júní 1958, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

**Fylgiskjal.**

**Samþykkt (nr. 111) um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 42. sinni þann 4. júní 1958, og með því að það hefur fallið á tiltekna bendingar um misrétti á sviði atvinnu og starfs, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og ákveðið að þessar bendingar skyldu

**Convention Concerning Discrimination In Respect Of Employment And Occupation.**

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Forty-second Session on 4 June 1958, and

Having decided upon the adoption of

færðar í form alþjóðasamþykktar og með tilliti til þess, að Filadelfíu-yfirlýsingin staðfestir að allir menn, án tillits til kynþátta, trúarbragða eða kynferðis, eigi rétt á því að efla efnalega velferð sína og andlegan þroska á frjálsan og sæm- andi hátt við efnahagslegt öryggi og jafnrétti og enn fremur með tilliti til þess, að misrétti er brot á þeim réttindum, sem talin eru í Almennu mannréttinda- yfirlýsingunni, gerði það hinn 25. júní 1958 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má samþykkt um misrétti í sambandi við atvinnu eða starf, 1958:

1. gr.
1. Í merkingu þessarar samþykktar tekur hugtakið „misrétti“ til:
  - a. hvers konar greinarmunar, útilokunar eða forréttinda, er byggist á kynþætti, litarþætti, kynferði, trúarbrögðum, stjórn mála- skoðun, þjóðernislegum eða félagslegum uppruna og hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í atvinnu eða starfi;
  - b. sérhvers annars mismunar, útilokunar eða forréttinda, sem hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í vinnu eða starfi, eftir því sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að hafa ákveðið að höfðu samráði við fulltrúa aðalsamtaka verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru, og aðra aðila, sem við á.
2. Hvers konar mismunun, útilokun eða forréttindi varðandi tiltekið starf, sem byggist á kröfum þeim, sem því

certain proposals with regard to discrimination in the field of employment and occupation, which is the fourth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention, and

Considering that the Declaration of Philadelphia affirms that all human beings, irrespective of race, creed or sex, have the right to pursue both their material well-being and their spiritual development in conditions of freedom and dignity, of economic security and equal opportunity, and

Considering further that discrimination constitutes a violation of rights enunciated by the Universal Declaration of Human rights, adopts this twenty-fifth day of June of the year one thousand nine hundred and fifty-eight the following Convention, which may be cited as the Discrimination (Employment and Occupation) Convention, 1958:

#### Article 1

1. For the purpose of this Convention the term “discrimination” includes—
  - a. any distinction, exclusion or preference made on the basis of race, colour sex, religion, political opinion, national extraction or social origin, which has the effect of nullifying or impairing equality of opportunity or treatment in employment or occupation;
  - b. such other distinction, exclusion or preference which has the effect of nullifying or impairing equality of opportunity or treatment in employment or occupation as may be determined by the Member concerned after consultation with representative employers’ and workers’ organisations, where such exist, and with other appropriate bodies.
2. Any distinction, exclusion or preference in respect of a particular job based on the inherent requirements

starfi fylgja, skal ekki telja misrétti.

3. Að því er tekur til þessarar samþykktar skulu hugtökin „atvinna“ og „starf“ einnig ná til aðgangs að starfsþjálfun, aðgangs að vinnu og sérstökum störfum, svo og vinnukjara.

#### 2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, undirgengst að lýsa yfir og framfylgja þjóðlegri stefnu, sem með þeim aðferðum, er henta aðstæðum og venju í hverju landi, miði að því að koma á jafnrétti með tilliti til möguleika og meðhöndlunar varðandi vinnu og störf í því skyni að útrýma misrétti í þessum efnunum.

#### 3. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessari samþykkt, undirgengst að það skuli með þeim aðferðum, sem henta þjóðlegum aðstæðum og venju:

- a. leita samvinnu við félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna og annarra viðkomandi aðila til þess að greiða fyrir viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu;
- b. setja þau lög og efla þess konar fræðslukerfi, sem telja má að tryggji viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu;
- c. nema úr gildi þau lagaákvæði og breyta þeim reglugerðarákvæðum eða venju, sem kunna að vera ósamrýmanleg þessari stefnu;
- d. framfylgja þessari stefnu að því er tekur til vinnu, sem er undir eftirliti opinbers stjórnvalds;
- e. tryggja framkvæmd þessarar stefnu í starfsemi, er snertir leiðbeiningar um stöðuval, starfsþjálfun og vinnumiðlun, sem er undir eftirliti opinbers stjórnvalds;
- f. greina frá því, í ársskýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, hvað gert hefur verið samkvæmt þessari stefnu og hvern árangur það hefur borið.

thereof shall not be deemed to be discrimination.

3. For the purpose of this Convention the terms “employment” and “occupation” include access to vocational training, access to employment and to particular occupations, and terms and conditions of employment.

#### Article 2

Each Member for which this Convention is in force undertakes to declare and pursue a national policy designed to promote, by methods appropriate to national conditions and practice, equality of opportunity and treatment in respect of employment and occupation, with a view to eliminating any discrimination in respect thereof.

#### Article 3

Each Member for which this Convention is in force undertakes, by methods appropriate to national conditions and practice—

- a. to seek the co-operation of employers' and workers' organisations and other appropriate bodies in promoting the acceptance and observance of this policy;
- b. to enact such legislation and to promote such educational programmes as may be calculated to secure the acceptance and observance of the policy;
- c. to repeal any statutory provisions and modify any administrative instructions or practices which are inconsistent with the policy;
- d. to pursue the policy in respect of employment under the direct control of a national authority;
- e. to ensure observance of the policy in the activities of vocational guidance, vocational training and placement services under the direction of a national authority;
- f. to indicate in its annual reports on the application of the Convention the action taken in pursuance of the policy and the results secured by such action.

#### 4. gr.

Ráðstafanir, sem gerðar eru gegn manni, sem með rökum er grunaður um að vera eða er þátttakandi í starfsemi, sem er hættuleg öryggi ríkisins, skulu ekki taldar misrétti, enda skal hlutaðeigandi manni rétt að áfrýja til þar til bærrar stofnunar, sem sett sé á fót samkvæmt venju í hlutaðeigandi ríki.

#### 5. gr.

1. Sérstakar aðgerðir til verndar eða aðstoðar, sem kveðið er á um í öðrum samþykktum eða tillögum frá Alþjóðavinnumálaþinginu, skulu ekki taldar misrétti.
2. Sérhvert aðildarríki getur, að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru, ákveðið, að ekki skuli telja misrétti fólgið í öðrum sérstökum ráðstöfunum, sem miða að því, að fullnægja sérstökum þörfum fólks, sem t. d. vegna kynferðis, aldurs, örorku, framfærsluskyldu eða félagslegrar eða menningarlegrar stöðu er að almanna áliti þurfandi sérstakrar verndar eða hjálpar.

#### 6. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að framfylgja henni í ósjálfstæðum löndum í samræmi við ákvæði stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

#### 7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til skrásetningar.

#### 8. gr.

1. Samþykkt þessi er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa framkvæmdastjóran skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

#### Article 4

Any measures affecting an individual who is justifiably suspected of, or engaged in, activities prejudicial to the security of the State shall not be deemed to be discrimination, provided that the individual concerned shall have the right to appeal to a competent body established in accordance with national practice.

#### Article 5

1. Special measures of protection or assistance provided for in other Conventions or Recommendations adopted by the International Labour Conference shall not be deemed to be discrimination.
2. Any Member may, after consultation with representative employers' and workers' organisations where such exist, determine that other special measures designed to meet the particular requirements of persons who, for reasons such as sex, age, disablement, family responsibilities or social or cultural status, are generally recognised to require special protection or assistance, shall not be deemed to be discrimination.

#### Article 6

Each Member which ratifies this Convention undertakes to apply it to non-metropolitan territories in accordance with the provisions of the Constitution of the International Labour Organisation.

#### Article 7

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

#### Article 8

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.
2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi fyrir hvert einstakt ríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess var skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, er send sé framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn gengur ekki í gildi fyrr en liðið er ár frá skrásetningardegi hennar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrá-

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.
2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years, and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.
2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all

sett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

#### 12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álita það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

#### 13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

#### 14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

#### Article 12

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

#### Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—
  - a. the ratification by a Member of the new revising Convention shall ipso jure involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;
  - b. as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.
2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

#### Article 14

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt sú, sem hér er um að ræða, var gerð á 42. Alþjóðavinnuálagþinginu í Genf 1958. Við lokaatkvæðagreiðslu um hana féllu atkvæði þannig, að 189 þingfulltrúar greiddu atkvæði með samþykktinni, 24 gegn henni, en 13 sátu hjá. Fyrri umræða um þetta mál hafði farið fram á þinginu 1957.

Samþykkt þessi miðar að því að útrýma misrétti í sambandi við atvinnu, þ. e. að koma í veg fyrir það, að mönnum sé mismunað, þeim veitt forréttindi eða þeir útilokaðir frá vinnu vegna kynþáttar, hörundslitar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða þjóðfélagslegs uppruna síns, þannig að þeir njóti ekki sömu möguleika og aðbúnaðar í starfi.

Ekki er það talið misrétti í þessu sambandi þótt gerður sé greinarmunur varðandi tiltekð starf, ef hann byggist eingöngu á þeim kröfum, sem starfinu fylgja.

Ríki þau, sem fullgilda samþykktina, skuldbinda sig til þess að lýsa yfir og framfylgja stefnu, er miði að því að allir hafi sömu möguleika og njóti sömu aðstöðu að því er varðar vinnu, og að útrýmt sé öllu misrétti í því efni. Eftir því sem við á, skal hafa samráð við samtök atvinnurekenda og verkafólks og aðra aðila um þetta mál og framfylgja því með löggjöf, eftir því sem þörf krefur. Þá skulu ríkisstjórnir sjá til þess, að numin séu úr lögum og reglugerðum þau ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessa stefnu.

Ríki þau, sem samþykktina fullgilda, skuldbinda sig einnig til þess að láta hana ná til ósjálfstæðra landa, sem eru undir þeirra stjórn.

Alls hafa nú 10 ríki fullgilt þessa samþykkt, en þau eru: Arabalýðveldið, Danmörk, Hondúras, Indland, Írak, Ísrael, Líbería, Noregur og Portúgal. Hún gekk í gildi 15. júní 1960.

Engin lagaákvæði íslenzk munu brjóta í bága við ákvæði þessarar samþykktar. Virðist því eðlilegt, að Ísland fullgildi samþykkt þessa, og sýni með því stuðning við þau sjónarmið, sem þar koma fram og eru í samræmi við íslenzka hætti og réttlætiskennd.